

Alþingi
Erindi nr. P 140/2326
komudagur 7.S. 2012

Rammaáætlun

Kristín Vala Ragnarsdóttir [vala@hi.is]

Sent: 7. maí 2012 15:08

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Til Atvinnumálanefndar Alþingis
Frá Kristínu Völu Ragnarsdóttur
7. maí, 2012

Ágæta atvinnumálanefnd Alþingis,

Ég skrifa þessa klausu til að biðja um að jarðhitasvæðin á Reykjanesi fari upp í allavega biðflokk. Þessi svæði eru jarðfræðilega einstæð á heimsvísu og eru okkar útivistarsvæði við túnfótinn og eru mikilvæg fyrir heilsu almennings nú sem og komandi kynslóða auk þess að bjóða upp á "hálandaferðir" innan klukkustundar keyrslu frá höfuðborginni fyrir ferðamenn. Vernarnýting þessara svæða er því gífurleg.

Einnig vil ég benda á að jarðhitasvæði henta ekki til orkuframleiðslu fyrir stóriðju. Þær orkutölur sem verið er að virða eru sú orka sem unnt er að blása út úr kerfunum í 30-50 ár og síðan tekur það nokkur hundruð ár fyrir svæðin að hitna upp aftur.

Það er með ólíkendum að einungis 3 svæði hafi verið vernduð á þessu svæði samkvæmt Rammaáætlanavinnunni og einungis 2 eru í biðflokki.

Nánari upplýsingar um öll svæðin er að finna á vefsíðu Framtíðarlandsins:

<http://www.framtidarlandid.is/>

Virðingarfyllst,

Kristín Vala Ragnarsdóttir
Stjórnarmaður í Framtíðarlandinu og
Forseti Verkfræði og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

PS Þessi ummæli eru mín persónulega skoðun og er ekki send sem ummæli HÍ eða sviðsins míns.